



# Reglugerð JSÍ um félagaskipti

Samkvæmt meðal annars 11 gr. laga JSÍ

## 1. Hlutgengi

Hlutgengur til þátttöku í mótum og gráðunum á vegum JSÍ er hver sá aðili sem félagsbundinn er í félagi innan JSÍ og uppfyllir að öðru leyti hlutgengisreglur ÍSÍ á hverjum tíma.

## 2. Almennt um félagsskipti

2.1 Öll félagsskipti 15 ára og eldri (miðað er við fæðingarár ekki fæðingardag) skal tilkynna JSÍ með minnst 30 daga fyrirvara áður en ætlast er til að félagsskiptin gangi í garð. Félagsskipti 14 ára og yngri þarf ekki að tilkynna JSÍ en ef iðkandi hefur verið skráður í gagnagrunn JSÍ þá þarf staðfestingu félags sem gengið er úr áður en JSÍ færir viðkomandi á milli félaga í gagnagrunni og taka þau þá fyrst gildi þegar það hefur verið gert.

2.2 Óheimilt er íþróttamönnum 15 ára og eldri að keppa fyrir fleiri en eitt félag á sama keppnistímabili. Keppnistímabilið hefst 1. september og lýkur 31. ágúst.

## 3. Framkvæmd félagaskipta

3.1 Öll félagsskipti 15 ára og eldri skulu tilkynna á þar til gerðu eyðublaði útgefnu af JSÍ. Eyðublaðið skal undirritað af viðkomandi félagsmanni, félagi sem gengið er úr og félagi sem gengið er í. Undirritun fulltrúa félagsdeildar sem gengið er úr staðfestir að viðkomandi félagsmaður hafi engar skuldbindingar við sitt fyrra félag. Hafi félagsmaður einhverjar skuldbindingar við sitt fyrra félag er því félagi heimilt að hafna félagsskiptunum. Tækniráði er ekki heimilt að staðfesta félagsskipti fyrr en undirskriftir umsækjenda og staðfesting félaga sem hlut eiga að máli liggur fyrir. Undirritun tækniráðs staðfestir félagsskiptin.

## 4. Úrskurðar- og umsagnaraðili

4.1 Tækniráð JSÍ fer með öll mál er varða félagsskipti. Stjórn JSÍ er úrskurðaaðili í deilum sem upp koma varðandi félagsskipti. Úrskurði geta aðilar áfrýjað til dómstóls ÍSÍ. Að öðru leyti en að framan greinir vísast til almennra reglna ÍSÍ um móta- og keppendareglur sem í gildi eru á hverjum tíma.

Reglugerð þessi var samþykkt af stjórn JSÍ 4. maí 2021 og öðlast þegar gildi.